

REGLUGERÐ

um ráðstöfunarfé vistmanna á dvalarstofnunum aldraðra.

1. gr.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á dvalarheimilum aldraðra og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga, hækkar þannig að mánaðarupphæð sú sem í gildi er í marsmánuði 1983, hækkar og verður 1.326 kr. á mánuði, frá og með 1. júní 1983. Síðan hækki upphæðin í áföngum uns því marki er náð sem gert er ráð fyrir í 26. gr. laga nr. 91/1982.

Ráðstöfunarfé aldraðra, sem vistaðir eru á hjúkrunarheimilum og hjúkrunardeildum fyrir aldraða og engar tekjur hafa aðrar en lífeyri almannatrygginga, hækkar þannig að mánaðarupphæð sú sem í gildi er í marsmánuði 1983, verður frá og með 1. júní 1983 kr. 1.113. Síðan hækkar upphæðin í áföngum, sbr. 1. mgr. 1. gr.

2. gr.

Fjárhæðir samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar breytast eftir sömu reglum og fjárhæðir bóta almannatrygginga, sbr. 79. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 26. gr. laga um málefni aldraðra nr. 91/1982, sbr. ákvæði 2 til bráðabirgða sömu laga, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. apríl 1983.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson

REGLUGERÐ

um tollverð notaðra bifreiða.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um ákvörðun tollverðs innfluttra notaðra bifreiða, sem flokkast undir tollskrárnúmer í vörulíð 87.02, en notuð telst bifreið því aðeins í þessu sambandi að hún hafi í minnst þrjá mánuði verið skráð eða leyfi veitt til aksturs hennar erlendis og óyggjandi sé að hún hafi verið notuð til aksturs þann tíma. Leiki vafi á um hvort bifreið hafi verið notuð getur tollyfirvald leitað álits Bifreiðaeftirlits ríkisins.

Séu skilyrði 1. mgr. til tollmeðferðar bifreiðar sem notaðrar bifreiðar eigi uppfyllt skal hún tollafgreidd sem ný bifreið og tollverð hennar ákveðið samkvæmt meginreglum 5.—6. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum.

2. gr.

Tollverð notaðrar bifreiðar skal vera útreiknað verð bifreiðar fundið samkvæmt þeim reglum sem kveðið er á um í reglugerð þessari að viðbættu flutningsgjaldi, vátryggingariðgjaldi svo og öðrum kostnaði sem mynda tollverð vara skv. 6. gr. tollskrárlaga.